

Frumvarp til laga

um breytingu á löggreglulögum, nr. 90/1996 (verkfallsréttur löggreglumanna).

Flm.: Karl Gauti Hjaltason, Anna Kolbrún Árnadóttir, Bergþór Ólason,
Birgir Þórarinsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Ólafur Ísleifsson,
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Sigurður Páll Jónsson,
Þorsteinn Sæmundsson, Helgi Hrafn Gunnarsson.

1. gr.

31. gr. laganna fellur brott, ásamt fyrirsögn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þess efnis að löggreglumenn hljóti verkfallsrétt á nýjan leik var fyrst flutt á 144. löggjafarþingi (372. mál). Frumvarpið var lagt aftur fram á 145. löggjafarþingi (226. mál), 149. löggjafarþingi (756. mál) og 150. löggjafarþingi (68. mál). Á 144. löggjafarþingi var mælt fyrir málínu og gekk það til allsherjar- og menntamálanefndar sem sendi út umsagnarbeiðnir vegna þess. Umsagnir bárust frá Bandalagi háskólmannna, BSRB, Félagi yfirlöggregluþjóna, Landssambandi löggreglumanna, Löggreglufélagi Eyjafjarðar, Löggreglufélagi Reykjavíkur, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Tollvarðafélagi Íslands. Allar umsagnirnar voru jákvæðar um málið. Í ljósi þess og að jafn brýnt er nú og þegar frumvarpið var flutt í fyrsta sinn að löggreglumenn endurheimti rétt sinn til að sækja kjarabætur með verfalli ef nauðsynlegt reynist er það nú endurflutt. Það sem hér fer á eftir er að mestu samhljóða greinargerðinni sem fylgdi frumvarpinu upphaflega. Á 150. þingi gekk málið til allsherjar- og menntamálanefndar sem sendi út umsagnarbeiðnir vegna þess. Umsagnir bárust frá BSRB, Félagi yfirlöggregluþjóna, Guðmundi Fylkissyni, Landssambandi löggreglumanna og Löggreglufélagi Eyjafjarðar. Í öllum umsögnum var tekið undir efni frumvarpsins og áhersla lögð á það að löggreglumenn fengju verkfallsrétt, í flestum umsögnum var það einnig tekið fram að löggreglumenn hefðu goldið fyrir það í kjarabaráttu sinni að hafa ekki verkfallsrétt.

Félagafrelsi er verndað í 74. gr. stjórnarskráinnar og fjölmörgum alþjóðasamningum sem Ísland á aðild að. Má þar nefna 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994, og félagsmálasáttmála Evrópu sem fullgiltur var hér á landi 1976. Félagafrelsi lýtur ekki einungis að rétti til að stofna félög og eiga aðild að þeim, heldur einnig til að standa utan félaga. Jafnframt er félagafrelsið talið ná að einhverju marki til athafnafrelsис félaga til að tryggja og standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna. Þrátt fyrir að félagafrelsið feli ekki í sér skilyrðislausán rétt til verfalls, þá er hann eigi að síður talinn mikilvægur hluti samningsfrelsис félaga sem nýtur verndar samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum. Því er ljóst að takmörkun slíks réttar skal byggð á lögmætum sjónarmiðum og nauðsyn í lýðræðisþjóðfélagi.

Verkfallsréttur löggreglumanna var afnuminn með lögum nr. 82/1986 sem fólu í sér breyttingar á þágildandi löggreglulögum (223. mál á 109. löggjafarþingi). Fram til þess tíma höfðu löggreglumenn rétt til verkfalls líkt og aðrar stéttir innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) með þeim fyrirvara að skylt var að halda uppi nauðsynlegri öryggisgæslu á meðan á verkfalli stóð, sbr. 26. gr. þágildandi laga um samningsrétt BSRB, nr. 29/1976. Afnám verkfallsréttar var hluti af samkomulagi milli Landssambands löggreglumanna og fjármálaráðherra í júlí 1986. Kveðið var á um afnám verkfallsréttar í bókun við samkomulagið, en í stað þess skyldu löggreglumenn fá svokallaða kauptryggingu ef ekki næðust samningar um kjör þeirra. Kauptryggingin átti að fela í sér sömu meðalhækkun launa og bandalög opinberra starfsmanna fengju á hverjum tíma. Þau félög sem miða átti við voru BSRB, Bandalag háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Samband íslenskra bankamanna og Bandalag kennarafélag. Skyldi útreikningurinn vera í höndum Hagstofu Íslands.

Allt frá því að samkomulagið tók gildi voru uppi ólík sjónarmið um framkvæmd þess milli löggreglumanna annars vegar og ríkisins hins vegar. Útreikningur kauptryggingar fór ekki fram fyrstu árin eins og til stóð og gerðu löggreglumenn ítrekað athugasemdir við það. Eftir mikinn þrýsting af þeirra hálfu framkvæmdi Hagstofa Íslands umrædda útreikninga árið 1988 að beiðni fjármálaráðherra. Samkomulagið hafði kveðið á um möguleika til endurskoðunar á útreikningum af hálfu Landssambands löggreglumanna en ekki var um slíkt að ræða í reynd. Landssambandið taldi því þegar hér var komið sögu að samningsréttarákvæði kjarasamningsins frá 1986 væru brostin og óskaði meðal annars eftir því að löggreglumenn fengju aftur verkfallsrétt, en án árangurs.

Landssamband löggreglumanna hefur um langt skeið reynt að ná fram kjarabótum fyrir löggreglumenn með litlum árangri. Að þeirra mati hafa löggreglumenn dregist aftur úr þeim viðmiðunarstéttum sem miðað var við í fyrrgreindu samkomulagi sem fól í sér afnám verkfallsréttarins. Ein ástæða þess er án efa sú staðreynd að löggreglumenn geta ekki gripið til þess neyðarúrræðis sem verkfallsrétturinn er, til jafns við aðrar stéttir samfélagsins, náist ekki viðunandi niðurstaða í viðræðum um kjaramál.

Lögreglan sinnir afar mikilvægum störfum tengdum öryggi lands og þjóðar. Sú sérstaða virðist með núverandi fyrirkomulagi vinna gegn stétt löggreglumanna hvað kjaramál varðar frekar en að stuðla að auknum réttindum vagna mikilvægis þeirra í samfélagini. Eðli málsins samkvæmt yrði verkfallsréttur löggreglumanna háður þeim fyrirvara að ávallt þarf að halda uppi neyðar- og öryggisþjónustu. Hins vegar væri fjöldinn allur af störfum innan löggreglunnar sem eigi að síður væri hægt að leggja niður væri slíkt talið nauðsynlegt til stuðnings kröfum um kjarabætur. Landssamband löggreglumanna hefur á undanförnum árum lagt áherslu á verkfallsréttinn í kjarabaráttu og hafa ýmis löggreglufélög á landsvísu ályktað í þá veru.

Starfsumhverfi löggreglumanna hefur tekið miklum breytingum á umliðnum árum og gerðar eru sífellt ríkari kröfur til löggreglumanna. Mætti þar nefna fjölmargar tækninýjungar sem lögreglan hefur tekið í þjónustu sína og ekki síður að afbrot hafa orðið flóknari. Hefur þetta leitt til þess að löggreglusterfið hefur þróast ört á síðustu árum og áratugum. Með lögum nr. 61/2016 var nám löggreglumanna fært á háskólastig og er nú tveggja ára diplómanám, en var áður eins árs nám við Löggregluskóla ríkisins, sem skilgreint var á framhaldsskólastigi. Má segja að auknar kröfur til löggreglusterfsins speglist ekki hvað síst í þessum breytingum.

Með frumvarpi þessu er lagt til að verkfallsréttur löggreglumanna verði endurreistur með breytingu á löggreglulögum, nr. 90/1996, á þá leið að 31. gr. þeirra verði felld úr gildi.